



Anna Pálsdóttir teiknikennari hjálpaði til við uppsetningu hollensku sýninganna. Með henni á myndinni er Hans Kristján Arnason, vara-ræðismaður Hollands.



Hér sýnir Göran Christenson, starfsmaður listasafnsins í Malmö, starfsfólki sænska sendiráðsins mynd eftir Carl Frederik Hill.

Mikið um dýrðir að Kjarvalsstöðum á morgun:

Fjórar sýningar opnaðar

Á morgun verða opnaðar fjórar listasýningar að Kjarvalsstöðum, þar af þrjár erlendar. Í Kjarvals-sal verður opnuð sýning á 76 teikningum eftir sænska málara-ann Carl Frederik Hill, á göngun-um verða tvær hollenskar sýn-ingar, grafík og skartgripir, og loks sýnir hópurinn „Vetrar-mynd“ í vestursal.

Carl Frederik Hill (1849—1911) er, að sögn Þóru Kristjánsdóttur listráðunauts Kjarvalsstaða mjög hátt skrifadur meðal listamanna og einn sérstæðasti listmálari Svía. Hann las fagurfræði við há-

skólann í Lundi, fæðingarbae sin-um, og hélt síðan til Stokkhólms þar sem hann stundaði nám við Listaakademiuna. Arið 1873 fór hann til Parísar og dvaldist í Frakklandi um árabíl, komst í kynni við ýmsa frægustu lista-menn samtíðarinnar og vann sér orðstír sem afbragðs landslags-málari.

Síðustu 30 ár ævi sinnar var Hill haldinn kleyfhugasýki og var þá ýmist á stofnunum eða hjá fjöl-skyldu sinni í Svíþjóð. Á þessum árum teiknaði hann mikið, og það eru einkum þessar teikningar

sem halda nafni hans á lofti. Myndirnar að Kjarvalsstöðum eru allar frá þessu tímabili. Þær eru fengnar frá listasafninu í Malmö, sem á stærsta safn Hill-teikninga sem til er. Göran Christenson, starfsmaður safns-ins, hefur haft yfirumsjón með uppsetningu sýningarinnar hér og skrifad langa og fróðlega grein um Hill í sýningarskrá.

Grafík frá landi Mondrians heitir önnur hollenska sýningin, og á henni eru 36 myndir eftir 10 listamenn. Myndirnar eru allar frá árunum 1970—74. Á hinni hol-lensku sýningunni eru skartgripir eftir 19 listamenn. Gripir þessir eru mjög nútímalegir og unnir úr ýmsu efni, svo sem áli, silfri, kopar og plasti. Hollensku sýn-ingarnar eru báðar komnar hingað á vegum hollenska menntamálaráðuneytisins fyrir milligöngu ræðismannsskrifstofu Hollands í Reykjavík. Þær eru

farandsýningar, einsog reyndar Hill-sýningin líka.

Hópurinn Vetrarmynd hefur áður sýnt tvisvar í Norræna húsinu. Í honum eru nú 11 listamenn: Baltasar, Bragi Hannesson, Einar Þorláksson, Haukur Dór, Hringur Jóhannesson, Leifur Breiðfjörð, Magnús Tómasson, Niels Hafstein, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigurður Orlygsson og Þór Vigfússon. Sýningin er mjög fjöl-breytt, enda um verk ólíkra lista-manna að ræða. Verkin eru flest unnin á s.l. 2 árum og hafa ekki verið sýnd áður. Eru þau 91 að tölu, olíumyndir, skulptúr, krita-myndir, teikningar, vefnaður og myndir unnar með blandaðri tækni.

Vetrarmynd verður opin til 1. febrúar, en erlendu sýningarnar til 15. febrúar. Okeypis aðgangur er að erlendu sýningunum, en vegleg skrá er til sölu fyrir hverja sýningu.

—ih

ALÞYÐUBANDALAGIÐ

Alþýðubandalagið Selfossi og nágrenni OPIÐ HÚS

Opið hús verður hjá Alþýðubandalaginu á Selfossi og nágrenni föstu-daginn 16. janúar kl. 20.30 að Kirkjuvegi 7.

Skemmtiatriði, kaffiveitingar.

Félagar fjölmennið og takið með ykkur gesti.

Stjórnin

Almennur fundur um dagvistunarmál

sunnudaginn 18. jan kl. 16 í Góð-templarahúsinu í Hafnarfirði. — Frummælendur:

Ingibjörg Guðmundsdóttir frá Félagsmálastofnun Hafnarfjarð-arbæjar

Elin Torfadóttir, forstöðukona í Laufásborg.

Að lokinni framsögn starfa starfshópar.

Alþýðubandalagið í Hafnarfirði.



Elin



Ingibjörg

Þorrrablót

Alþýðubandalagsfélaganna í Hafnarfirði og Garðabæ verður haldið að Garðaholti laugardaginn 14. febrúar 1981. Dagskrá auglýst síðar. Nefndin.

Miðstjórnarfundur

Fundur verður haldinn í miðstjórn Alþýðubandalagsins 16. og 17. janúar næstkomandi, og hefst hann kl. 20.30 fyrri daginn í fundarsal Sóknar, Freyjugötu 27.

Alþýðubandalagið í Reykjavík Innheimta félagsgjalda

Stjórn Alþýðubandalagsins í Reykjavík beinir þeim eindregnu til-mælum til þeirra félaga sem enn skulda félagsgjöld að þeir greiði þau sem fyrst. Hægt er að greiða útsenda giróseðla í næsta banka eða koma við á skrifstofu félagsins á Grettisgötu 3 og gera upp þar. Verum ávallt minnug þess að félagið fjármagnar starfsemi sína í Reykjavík eingöngu með framlögum félagsmanna. Stjórn ABR

Til félaga í Alþýðubandalaginu í Reykjavík

Félagar, munið að tilkynna skrifstofu félagsins breytt heimilisföng. Stjórn ABR

Alþýðubandalagið í Reykjavík OPIÐ HÚS á Grettisgötu 3

Næsta opna hús Alþýðubandalagsins í Reykjavík verður fimmtudaginn 22. janúar. Nánar auglýst síðar. Stjórn ABR

Alþýðubandalagið í Reykjavík

VIÐTALSTÍMAR ÞINGMANNA OG BORGAR-FULLTRÚA

Viðtalstímar þingmanna og borgarfulltrúa hefjast að nýju laugardag-inn 24. janúar. Stjórn ABR



Vetrarmyndarhópurinn gerði smáhlé á uppsetningu sýningar sinnar meðan ljósmyndarinn smeltti af. (Ljós. —gel—)

Happdrætti Þjóðviljans:

Vinningsnúmerin

- | | |
|--|-----------|
| 1. des. s.l. voru dregnir út vinningar í happdrættinu. Upp komu þessi númer: | |
| 1. Bifreið, Daihatsu Charade | nr. 5030 |
| 2. Sólarlandaferð með Útsýn | nr. 5999 |
| 3. Sólarlandaferð með Úrvali | nr. 16832 |
| 4. Írlandsferð með Samv.f./Landsýn | nr. 34635 |

Vatnsleysustrandarhreppur

auglýsir eftir sveitarstjóra til starfa. Umsóknarfrestur er til 1. febr. nk. Upplýsingar um starfið veita oddviti í síma 92-6540 og sveitarstjóri í síma 92-6541.



Glæsibæ

Sími 86220

FÖSTUDAGUR: Opið kl. 19—3. Hljómsveitin Glæsir og DISKO '74.

LAUGARDAGUR: Opið kl. 19—03. Hljómsveitin Glæsir og DISKO '74.

SUNNUDAGUR: Opið kl. 19—01. Hljómsveitin Glæsir og DISKO '74.

Clúbburinn

Borgartúni 32

Sími 35355.

FÖSTUDAGUR: Opið frá kl. 22.30—03. Hljómsveitin Start og diskótek.

LAUGARDAGUR: Opið frá kl. 22.30—03 Hljómsveitin Start og diskótek

SUNNUDAGUR: Diskótek frá kl. 21—01.



HÓTEL LOFTLEIÐIR Sími 22322

BLÓMASALUR: Opið alla daga vikunnar kl. 12—14.30 og 19—23.30.

VIÐLANDSBAR: Opið alla daga vikunnar, 19—23.30, nema um helgar, en þá er opið til kl. 01. Opið í hádeginu kl. 12—14.30 á laugardögum og sunnudögum.

VEITINGABÚÐIN: Opið alla daga vikunnar kl. 05.00—21.00.



Skálafell Sími 82200

FÖSTUDAGUR: Opið kl. 19—01. Organleikur.

LAUGARDAGUR: Opið kl. 12—14.30 og 19—23.30. Organleikur.

SUNNUDAGUR: Opið kl. 12—14.30 og kl. 19—01. Organleikur. Tískusýningar alla fimmtu-daga.

ESJUBERG: Opið alla daga kl. 8—22.

Sigtún

FÖSTUDAGUR: Opið frá kl. 22—03. Hljómsveitin Brimkló, diskótek og „Video-show“. Grill-barinn opin.

LAUGARDAGUR: Opið frá kl. 22—03. Hljómsveitin Brimkló, diskótek og „Video-show“. Grill-barinn opin.

Bingó kl. 14.30 laugardag.



Hótel Bora

FÖSTUDAGUR: Diskótek frá kl. 21—03.

LAUGARDAGUR: Diskótek frá kl. 21—03.

SUNNUDAGUR: Gömlu dansarnir frá kl. 21—01.